

71 Útaf þessu hefir stjórnarráðið ákveðið, að umræddar úrsagnir skuli eftirleiðis miðast við fardaga, þannig að menn verða að segja sig út úr þjóðkirkjunni og inn í utanþjóðkirkjusöfnuð fyrir fardaga eða í fardögum til þess að losast við að greiða sóknargjöld til þjóðkirkjunnar það fardagaár, sem þá fer í hönd, samkvæmt lögum nr. 40, 30. júlí 1909.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að þessi úrskurður stjórnarráðsins hefir í dag verið birtur utanþjóðkirkjusöfnuðum þeim, er forstöðumann hafa, sem hlotið hefir staðfestingu.

72 **Bréf stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Voðmúlastaðakirkju í Austur-**
28. maí **Landeyjum og Sigluvíkurkirkju í Vestur-Landeyjum og bygging nýrrar kirkju að Akurey**
í Vestur-Landeyjum.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegri ályktun héraðsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi 10. júní 1908 skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 20. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hérmeð veita leyfi til:

1. að Voðmúlastaðakirkja í Austur-Landeyjum og Sigluvíkurkirkja í Vestur-Landeyjum í Landeyjaprestakalli leggist niður,
2. að reisa skuli nýja kirkju í Landeyjaprestakalli að Akurey í Vestur-Landeyjum,
3. að til hinnar nýju Akureyjarkirkju leggist öll hin fyrverandi Sigluvíkursókn, bæir Voðmúlastaðasóknar vestan Affalls og bæirnir Bergþórshvoll og Kára-gerði, er heyrt hafa Krosssókn til, en eru fyrir vestan Affall,
4. að til Krosskirkju leggist bæir hinnar fyrverandi Voðmúlastaðasóknar austan Affalls,
5. að sjóður Sigluvíkurkirkju, andvirði kirkjuhússins niðurlagða, skruði og áhöld gangi óskift til Akureyjarkirkju,
5. að sjóður Voðmúlastaðakirkju, andvirði kirkjuhússins niðurlagða, skruði og áhöld skiftist milli Akureyjarkirkju og Krosskirkju í réttu hlutfalli við mannfjöldann, sem hvorri sókninni bætist við niðurlagning Voðmúlastaðasóknar,
7. að gjöld til prestsins í Landeyjaprestakalli haldist óbreytt af Sigluvíkur- og Voðmúlastaðaeignum.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

73 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um tollheimtu.**

28. maí Með bréfi 9. apríl þ. á. hafið þér, herra sýslumaður, spurst fyrir um nokkur atriði, sem snerta tugamæli og tugavog við útreikninginn á tollgjöldum, og eru fyrirspurnir yðar þessar, sem nú skal greina.